

Gletta litla ehf.
Kt.: 680308-2920
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 05.01.2024
Tilv. 2023-05-08-0411

Efni: Brotkast. Svipting veiðileyfis. Ítrekun. Fálkatindur NS-99 (2866).

I. Málsatvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Fálkatindur NS-99, skipaskrárnúmer 2866, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 í veiðiferð skipsins þann 5. maí 2023. Lögskráður skipstjóri í þeirri veiðiferð er málið varðar, var A, kt. [...].

Málsatvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 8. maí 2023, að þann 5. maí 2023, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit við X. Þeir hafi sent ómannað, fjarstýrt loftfar búið myndupptökubúnaði, til að fylgjast með grásleppuveiðum skipsins um 3 km frá landi. Um borð hafi verið þrír skipverjar og voru þeir að draga inn veiðarfæri og greiða afla úr þeim á netaborði o.fl. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst hafi eftirlitsmenn orðið þess vitni þegar skarkoli féll út um lensport skipsins með þeim afleiðingum að fiskurinn hafnaði í sjónum, og hafi þá myndupptökubúnaður flugfarsins verið virkjaður. Tekið var upp eitt myndband og er lengd þess 07:41 mínútur. Á því sést þegar fimm (5) fiskar (fjórir skarkolar og einn þorskur) falla út um lensport skipsins aftur í sjóinn. Allur meðafli var greiddur úr grásleppuneti og kastað á dekkið en þar lá smúll á dekkinu og úr honum lak vatn þar sem meðaflinn féll á dekkið svo hann rann auðveldlega til á dekkinu og þaðan út um lensport. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim framangreindu sex (6) fiskum, fimm skarkolum og einum þorski, sem komið höfðu í veiðarfæri fiskiskipsins þann 5. maí 2023.

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur heimilað með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnýslu-viðurlögum, þ.e.

sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsinæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 19. júlí 2023, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866), hafi gerst brotleg við lög nr. 57/1996. Í bréfinu var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Jafnframt var athygli málsaðila vakin á fyrri ákvörðun Fiskistofu, dags. 4. október 2022, þar sem fiskiskipið Fálkatindur NS-99 (2866), í eigu og útgerð málsaðila, var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku vegna brottkasts á sextán (16) þorskum á grásleppuveiðum, sbr. 2. mgr. 2. gr. sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 (málsnr. 2022-03-29-1438). Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá dagsetningu hennar skv. 19. gr. sömu laga. Verði niðurstaða þessa máls sú, að brot hafi verið framin, kann framangreind ákvörðun að hafa áhrif á beitingu viðurlaga sbr. síðari málsl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

Þann 3. ágúst 2023 hafði málsaðili samband við Fiskistofu og óskaði afrits af myndbandsupptöku málsins og lagði fram athugasemdir og gögn úr öðru máli. Að mati málsaðila var engum fiskum kastað fyrir borð heldur féllu umræddir sex fiskar út um lensport skipsins, og þótti trúlegt, án þess þó að hafa skoðað myndbandsupptökuna, að flestir ef ekki allir fiskarnir hafi synt niður þegar þeir sluppu. Þá afhenti málsaðili athugasemdir annarrar útgerðar sem er honum tengd, B ehf., úr öðru stjórnsýslumáli (tilv. XXXX-XX-XX-XXXX) sem lauk með ákvörðun Fiskistofu um áminningu þann [dags.], og vísaði til þeirra athugasemda „til upprifjunar“ í máli þessu. Málsaðili kvað það verða að hafa sinn gang ef Fiskistofa sæi ástæðu til að svipta skipið veiðileyfi í annað sinn út af meintu brottkasti. Vísaði málsaðili sérstaklega til þeirrar „njósnastarfsemi“ Fiskistofu sem fellst í drónaefirliti og taldi hana beinlínis ólöglega. Vegna tæknilegra örðugleika tókst ekki að afhenda málsaðila myndbandsupptöku fyrr en 16. október 2023. Við afhendingu var málsaðila gefin kostur á að leggja fram frekari athugasemdir kysi hann að gera svo. Engar frekari athugasemdir bárust Fiskistofu. Málið var því afgreitt með hliðsjón af þegar framlögðum athugasemdum og gögnum og atvikum máls að öðru leyti eins og þeim er lýst að framanverðu.

Fiskistofa hafnar framangreindum athugasemdum í máli þessu, sem lagðar voru fram í öðru stjórnýslumáli annars lögaðila vegna annars skips. Einu almennu rökin í þeim varða meint ólögmæti dróna við eftirlit Fiskistofu fyrir gildistöku laga nr. 85/2022. Sú málsástæða á ekki við í þessu máli þar sem að meint brot áttu sér stað í maí 2023, eftir að framangreind lög tóku gildi í júlí 2022. Aðrar málsástæður B ehf. í máli XXXX-XX-XX-XXXX lúta beint að efnislegum og atviksbundnum atriðum þess máls sem verða ekki borin saman við það mál sem hér er til meðferðar og verða því ekki heldur lagðar til grundvallar í máli þessu eðli málsins samkvæmt.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) hélt til veiða þann 5. maí 2023, og sex fiskar, fimm þorskar og einn skarkoli, er komið höfðu í grásleppunet skipsins, runnu út um lensportið og aftur í sjó í þeirra umsjá. Á áhöfn málsaðila lá skýr skylda til að koma með að landi allan þann afla sem kom í veiðarfæri skipsins í umræddri veiðiferð, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Skarkoli og þorskur eru tegundir sem lúta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og því eiga undantekningareglur í 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 ekki við. Manneldismarkaður er fyrir skarkola og þorsk og upplýsingar frá fiskmörkuðum benda til þess að þar seljist slíkar tegundir og hafi verðgildi. Af framangreindum ástæðum gildir því skylda til að hirða nefndar fisktegundir og landa skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á vitnisburði og skýrslu tveggja veiðieftirlitsmanna sem urðu vitni að brotum áhafnar skipsins í beinu streymi, en einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Við skoðun á þeirri myndbandsupptöku, er liggur fyrir í máli þessu, er að mati Fiskistofu ljóst að sá afli sem sést renna út í sjó út um lensport skipsins, hafi gert svo sökum athafnaleysis áhafnar skipsins í umrætt skipti. Athafnaleysi fellur undir hugtakið frumverknað, þegar það er virt í ljósi ákveðinnar (lögbundinnar) athafnaskyldu að viðlagðri refsíábyrgð (brot á boðreglum) án tillits til hugsanlegra afleiðinga hennar og atvika að öðru leyti, þ.e. skyldu áhafnar til að hirða og landa þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Skyldan felst í ákveðinni athöfn, þ.e. ytri hreyfingu áhafnar að störfum um borð, um að fjarlægja afla af dekkinu til að koma í veg fyrir að hann fari aftur út í sjó. Hér reynir á það hvort þeim er skyldan hvíllir á, þ.e. áhöfn í umrætt skipti, hafi verið kleift að inna hana af hendi. Að mati Fiskistofu var ekkert því til fyrirstöðu fyrir skipverja, eins og fyrirkomulagi er háttað um borð í skipinu, að fjarlægja aflann af dekkinu áður en hann rann óáreittur útbyrðis. Af þeim sökum hafi áhöfn gerst brotleg gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. framangreindra laga með því að hafa vísvitandi kastað framangreindum afla á dekk skipsins, meðvituð um hættuna á að hann rynni útbyrðis, og í kjölfarið látið undir höfuð liggja að bregðast við með þeim hætti sem til var ætlast af þeim og

lög kveða á um við framkvæmd veiða, þ.e. hindra að fiskur sem komið hafði í veiðarfæri skipsins félli útbyrðis um lensportið.

Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um hina meintu saknæmu háttsemi áhafnar málsaðila. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. skýrslu eftirlitsmanna og þeirri myndbandsupptöku er liggur fyrir í málinu, er það niðurstaða Fiskistofu að áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) hafi gerst sek um fullframið brot af ásetningi gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, með beinu athafnaleysi, í veiðiferð skipsins þann 5. maí 2023.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866), að kasta afla á dekk skipsins, þar sem aðstæður voru með þeim hætti að aflinn rann auðveldlega út um lensport, og þar með láta hjá líða að hirða og landa öllum þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins þann 5. maí 2023, braut gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Fyrir brot á lögum nr. 57/1996 skal Fiskistofa veita áminningar eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í 1. mgr. 15. gr. laganna segir Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 15. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Líta verði til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þegar verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Ávinningur var þó óverulegur með hliðsjón af magni þess afla sem kastað var útbyrðis. Ríkir almannahagsmunir eru fólgnir í því að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um hvað tekið sé úr auðlindum sjávar við landið, svo vísindamenn geti áætlað stofnstærð og tryggt hámarksafrakstur nytjastofna við

landið. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Með brotum málsaðila voru framangreindum hagsmunum ógnað.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi áhafnar fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) í umræddri veiðiferð og til þess að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða í hans þágu brjóti ekki í bága við þær reglur sem gilda um framkvæmd veiða á hverjum tíma. Jafnframt lítur Fiskistofa til sviptingar leyfis skipsins til veiða í atvinnuskyni með ákvörðun Fiskistofu dags. 4. október 2022 (tilv. 2022-03-29-1438), og vísað var til hér að framan. Málsaðili stundar atvinnufiskveiðar, og á að vera meðvitaður um að honum beri að fylgja ákvæðum gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla á sviði fiskveiðistjórnunar eftir því sem við á, við veiðarnar, og þá sér í lagi í kjölfar fyrri sviptingar veiðileyfis skipsins. Það er á ábyrgð málsaðila, að verklag við fiskveiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út.

Sú myndbandsupptaka sem liggur fyrir í málinu sýnir glögglega framgöngu áhafnar skipsins í umræddri veiðiferð. Þar sést þegar skipverjar greiða afla úr grásleppuneti og ýmist færa hann í kör um borð eða kasta honum á dekkið. Að mati Fiskistofu hafði framangreind flokkun um borð það að markmiði að skilja frá afla sem ekki átti að hirða frá þeim afla sem hirtur var og landað, þ.e. sá afli sem settur var í kör um borð. Ætlun hafi því ekki staðið til að hirða þann afla sem skipverjar köstuðu á dekkið, enda létu skipverjar þann afla renna óáreittan út um lensport skipsins í stað þess að gera ráðstafanir eða ráðast í nauðsynlegar aðgerðir í samræmi við lög (athafnaskylda) í því skyni að koma í veg fyrir að hann féll útbyrðis. Að mati Fiskistofu, með hliðsjón af málsatvikum, virðist sem athafnaleysi skipverja í garð afla á dekki, að undangengnu ásetningsverki þegar honum var kastað á dekkið, hafi verið með ráðum gert í skeytingarleysi við settar háttætnisreglur í lögum. Af háttsemi skipverja má ráða, að þeir hafi vísitandi látið hjá líða að hirða verðminni afla (skarkola og þorsk) en hirt vænni afla. Vinnubrögð áhafnar gefur til kynna að um viðhöfð vinnubrögð sé að ræða og að brottkast sé viðhaft um borð við fiskveiðar á umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttætnisreglur laga nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Af framangreindu er það mat Fiskistofu að um ásetningsbrot hafi verið að ræða.

Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð í umræddri veiðiferð, sex fiskar á 07:41 mínútum. Jafnframt lítur Fiskistofa til alvarlegs aðgæsluleysis skipverja, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að í umrætt sinn og magn þess afla, sem féll óhindraður útbyrðis í umsjá áhafnar í trássi við settar háttætnisreglur og þá athafnaskyldu sem á henni hvíldi. Leiða mál líkur að því, með hliðsjón af framferði skipverja um borð í umrætt sinn og málsatvikum að öðru leyti, að sá afli sem enn lá afskiptalaus á dekki skipsins, í lok

Þeirrar myndbandsupptöku er liggur fyrir í málinu, hafi ekki verið landað. Því hafi brot áhafnar í umrætt sinn að öllum líkindum verið umfangsmeiri en þau brot sem sönnur hafa verið færðar á og liggja til grundvallar ákvörðun þessari.

Það er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð brot hafi verið að ræða, framin í trássi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 um meðferð afla við framkvæmd fiskveiða. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa að líta verði til fyrra brots málsaðila. Réttaráhrif ítrekunar skv. fyrri ákvörðun gildi frá og með dagsetningu hennar, 4. október 2022. Voru brot málsaðila framin í veiðiferð skipsins þann 5. maí 2023 og því hafa ítrekunaráhrif fyrri ákvörðunar réttaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu skv. 19. gr. laga nr. 57/1996. Að mati Fiskistofu eru ítrekunartengsl brota í fyrri ákvörðun og því máli sem nú er til meðferðar fullnægjandi, enda um sams konar brot að ræða. Þá eru efnisskilyrði 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 jafnframt uppfyllt í tilviki málsaðila. Að því virtu telur Fiskistofa, í ljósi ítrekunaráhrifa skv. 19. gr. laga nr. 57/1996, að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins, sem og atvika að öðru leyti með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins og sjónarmiða um hófstíllta og sanngjarna beitingu opinbers valds, að umrædd brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga, í tvær vikur, þrátt fyrir lögbundið lágmark sviptingar í 4 vikur fyrir ítrekuð brot skv. síðari málsl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

Áhöfn málsaðila hafi því með brotum sínum samhliða brotið gegn ákvæðum leyfisbréfs skipsins (nr. X), útgefnu 9. apríl 2023. Þar sem brotin áttu sér stað á grásleppuveiðitímabili sem er lokið þykir rétt að leyfissvipting samkvæmt ákvörðun þessari taki gildi við útgáfu næsta leyfis til grásleppuveiða bundið við skipið skv. 21. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. 15. gr. reglugerðar um hrognkelsaveiðar árið 2023 nr. 228/2023.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Fálkatindur NS-99, skipaskrárnúmer 2866, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með útgáfu næsta leyfis til grásleppuveiða bundið við skipið, skv. 1. sbr. 2. gr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 21. gr. laga nr. 79/1997, vegna brottkasts á sex fiskum. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða á grásleppu sbr. síðari málsl. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 228/2023. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

